

STARFSREGLUR FYRIR STJÓRN BLÁA LÓNSINS HF.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglunum er þeir taka sæti í stjórn félagsins. Hver þeirra skal jafnframt fá afhent eintak af samþykktum félagsins.

1.gr.

Verkaskipting stjórnar

- 1.1 Að lokinni stjórnarkosningu í félaginu skal stjórnin halda stjórnarfund. Hin nýkjörna stjórn skal kjósa sér formann hafi hann ekki verið kjörinn á hluthafafundi.
- 1.2 Fundinum stjórnar elsti stjórnarmeðlimurinn, nema formaður hafi verið kosinn á hluthafafundi, þá stjórnar hann fundinum nema hann ákveði annað.
- 1.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður kjöri komi til atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.
- 1.4 Formaður stjórnar ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Stjórnarformaður skal m.a.:
 - Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
 - Tryggja að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. um stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
 - Sjá til þess að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.

- Tryggja að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur stjórnarmanna og ábyrgð, eða að stjórnarmenn sækji námskeið af því tagi.
 - Bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins.
 - Taka frumkvæði að árlegri upprifjun og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
 - Útbúa starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs.
 - Útbúa dagskrá stjórnarfunda, í samstarfi við forstjóra félagsins, sjá um boðun þeirra og stjórnun. Stjórnarformaður skal sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
 - Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnar innan félagsins og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
 - Sjá til þess að stjórnin meti árlega störf sín og störf forstjóra.
- 1.5 Stjórnarformaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði að annar stjórnarmaður sé í forsvari í einstökum málum. Einnig kemur stjórnarformaður fram út á við fyrir hönd félagsins ásamt forstjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls.
- 1.6 Að frátöldum skyldum og réttindum stjórnarformanns samkvæmt framantöldu hafa allir stjórnarmenn sama rétt, skyldur og ábyrgð.

2.gr.

Fundarboðun

- 2.1 Stjórnarfundir skulu haldnir u.þ.b. 10 sinnum á ári. Að jafnaði skal haldinn einn stjórnarfundur í mánuði nema yfir sumarleyfistíma og hátíðir. Auk þess skal formaður, eftir atvikum á grundvelli beiðni forstjóra félagsins, sjá til þess að stjórnin haldi fundi þegar nauðsyn krefur.
- 2.2 Forstjóri getur boðað til stjórnarfundar í umboði stjórnarformanns. Fundir skulu að jafnaði ekki haldnir nema stjórnarformaður og forstjóri geti báðir mætt til fundar.

- 2.3 Óski stjórnarmaður þess að tiltekið mál verði á dagskrá stjórnarfundar skal beiðni þar að lútandi berast stjórnarformanni eða forstjóra a.m.k. viku fyrir fyrirhugaðan fund.
- 2.4 Fundir skulu að jafnaði boðaðir með viku fyrirvara. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og skal í því greina dagskrá. Fundarboð má senda með rafrænum hætti. Stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðandi félagsins geta krafist þess að stjórnin sé boðuð til fundar.
- 2.5 Forstjóri skal sitja stjórnarfundi og hefur þar málfrelsi, þó hann sé ekki stjórnarmaður, nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 2.6 Endurskoðandi félagsins á rétt á að taka þátt í stjórnarfundum þar sem uppgjör félagsins eru til meðferðar eða mál sem varða endurskoðun eða reikningskil félagsins. Einstakir stjórnarmenn geta farið fram á að endurskoðandi félagsins sitji slíka fundi.
- 2.7 Geti stjórnarmaður ekki sótt fund, boðar hann forföll til stjórnarformanns eða forstjóra, í umboði stjórnarformanns, sem boðar varamann. Þar sem tveir varamenn eru í stjórninni, hvor af sínu kyni, skal sá varamaður taka sæti sem er af sama kyni og sá stjórnarmaður sem forföll hefur boðað.
- 2.8 Undirbúningi stjórnarfunda skal haga þannig að lykiloggn vegna mála sem eru til umfjöllunar fyrir fundunum séu send til stjórnarmanna fyrir fundi á tölvupósti eða með öðrum hætti. Miðað skal við að umrædd gögn berist stjórnarmönnum samhliða fundarboði en þó ekki síðar en daginn fyrir stjórnarfund í síðasta lagi.

3.gr.

Stjórnun félagsins, starfshættir stjórnar og samskipti utan stjórnarfunda

- 3.1 Stjórnun félagsins er í höndum stjórnar og forstjóra.
- 3.2 Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, bæði hvað varðar stefnu félagsins og fjárhagsmálefni þess. Stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og veitir honum lausn. Einungis stjórn félagsins getur veitt prókúruumboð.
- 3.3 Stjórn félagsins skal annast um skipulag félagsins og að starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi auk þess sem hún skal hafa eftirlit með reikningshaldi og innri endurskoðun félagsins. Stjórnin skal fylgjast með því að virkt kerfi innra eftirlits sé ávallt til staðar í samræmi við stærð, eðli og umfang rekstrar félagsins, sem tryggir að félaginu sé ávallt stjórnað á traustan og skynsamlegan hátt og tryggi viðeigandi yfirsýn yfir þá starfsemi sem félagið stundar. Stjórnin skal sjá til þess að félagið starfi í samræmi við samþykktir þess, lög um hlutafélög, samkeppnislög og önnur lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda.

- 3.4 Stjórninni ber að stuðla að viðgangi félagsins og langtímaárangri og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórnin skal árlega skilgreina mikilvægustu verkefni sín, markmið og stefnu félagsins og gera starfsáætlun um störf sín.
- 3.5 Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og skal í því sambandi fylgja stefnu og fyrirmælum stjórnar. Til daglegrar stjórnar heyra ekki ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða þýðingarmiklar miðað við eðli eða umfang rekstrar félagsins. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri aðeins tekið samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé hægt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis eða tjóns fyrir félagið eða starfsemi þess. Í slíkum tilvikum skal forstjóri hafa samráð við stjórnarformann og tilkynna stjórn um ákvörðun sína án tafar. Nánar skal kveðið á um starfssvið forstjóra í starfssamningi við hann.
- 3.6 Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundum leggja fyrir stjórn félagsins upplýsingar um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum. Upplýsingar skulu veittar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins til þess að stjórnarmenn geti sinnt skyldum sínum. Stjórnin skal hafa aðgang að öllum gögnum er varða félagið og rekstur þess til þess að geta sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldum sínum.
- 3.7 Formaður stýrir stjórnarfundum. Stjórn er ákvörðunarbær þegar fleiri en helmingur stjórnarmanna sækir fund, svo fremi sem ekki eru gerðar strangari kröfur um fundarsókn í samþykktum félagsins.
- 3.8 Ákvörðun má þó ekki taka nema öllum stjórnarmönnum hafi, með viðunandi hætti, verið gefið tækifæri á að taka þátt í ákvörðuninni.
- 3.9 Sé stjórnarmaður forfallaður, þar með talin skyndiforföll, skal gefa varamanni færi á að koma í hans stað meðan forföll aðalmanns vara.
- 3.10 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema samþykktir félagsins kveði á um annað.
- 3.11 Séu allir stjórnarmenn því sammála, getur formaður komið á fundi stjórnarmanna með aðstoð rafrænna miðla, svo sem fjarfundabúnaðar, sérstaklega í þeim tilvikum, sem nauðsyn er á skjótri ákvörðun stjórnar, eða þýðingarmikið er, að stjórnarmenn, sem annars geta ekki verið viðstaddir á fundinum, taki þátt í honum með þessum hætti. Skrá skal fundargerð vegna fundarins eins og gert er ráð fyrir í grein 6.1.
- 3.12 Séu allir stjórnarmenn því sammála, getur formaður staðið fyrir því að ákvarðanir séu teknar á grundvelli dreifibréfa, eftir atvikum í tölvupósti. Þau gögn, sem gengið hafa á milli stjórnarmanna skulu varðveitast sem fylgiskjal í fundargerðabók stjórnar.
- 3.13 Stjórnarmenn skulu kosta kapps um að taka ávallt sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir. Þurfi stjórnarmenn ráðgjöf til að geta tekið sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir skulu þeir hafa aðgang að sjálfstæðri sérfræðiráðgjöf á kostnað félagsins telji þeir þörf á slíku og skal slíkt rætt í stjórn fyrirfram.

- 3.14 Störf stjórnar skulu almennt fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og forstjóra, annarra stjórnenda félagsins eða endurskoðanda félagsins utan skipulagðra stjórnarfunda um málefni er varða fyrirleggjandi ákvarðanir stjórnar eða forsendur þeirra, skal upplýst um það við upphaf næsta stjórnarfundar á eftir og það bókað í fundargerð. Allar fyrirspurnir og upplýsingabeiðnir stjórnarmanna til stjórnenda og starfsmanna félagsins eða endurskoðanda félagsins skulu fara í gegnum forstjóra. Svör við fyrirspurnum skulu kynnt öllum stjórnarmönnum á sama tíma. Upplýst skal um fyrirspurnir og gagnabeiðnir á næsta fundi stjórnar.
- 3.15 Allir hluthafar skulu hafa sama aðgang að upplýsingum um málefni félagsins. Bein samskipti hluthafa við stjórn skulu vera við stjórnarformann. Stjórn félagsins skal upplýst um allar tillögur, spurningar eða athugasemdir hluthafa utan hluthafafunda til stjórnar og skal stjórnin hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

4. gr.

Vanhæfi

- 4.1 Hvorki stjórnarmaður né forstjóri má taka þátt í ákvörðun um samning eða málshöfðun þar sem félagið og hann sjálfur eru aðilar. Hann má heldur ekki taka þátt í ákvörðun um samning milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, sem fara í bága við hagsmuni félagsins. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð mála sem tengjast aðilum sem eru tengdir honum með öðrum hætti, hvort heldur um ræðir persónuleg eða fjárhagsleg tengsl. Ef stjórnarmaður tekur ekki þátt í meðferð máls vegna hagsmunatengsla, skal hann víkja af fundi.
- 4.2 Stjórnarmenn og forstjóri mega ekki taka ákvarðanir, sem augljóslega ívilna vissum hluthöfum eða öðrum með ósæmilegum hætti á kostnað félagsins eða annarra hluthafa.
- 4.3 Stjórnarmönnum og forstjóra er skylt að upplýsa stjórn ef þeir telja minnsta vafa leika á um hæfi þeirra. Stjórnin tekur sjálf ákvörðun um hæfi einstakra stjórnarmanna eða forstjóra í einstökum málum. Þegar stjórn tekur ákvörðun um hæfi einstakra stjórnarmanna tekur sá stjórnarmaður ekki þátt í ákvörðuninni.

5. gr.

Hlutfjáreign stjórnarmanna og forstjóra

- 5.1 Sérhver stjórnarmaður eða forstjóri skal þegar í upphafi starfa sinna í stjórn eða framkvæmdastjórn gefa stjórninni upplýsingar um hlutfjáreign sína í félaginu og í framhaldi af því gefa upplýsingar um kaup og afhendingu slíkra hluta.

- 5.2 Tilkynningarskyldan nær einnig til hluta í félögum, þar sem stjórnarmaður eða forstjóri hefur ákvarðandi áhrif.

6. gr.

Fundargerðabók

- 6.1 Færa skal allar ákvarðanir stjórnar í fundargerðabók, sem skal undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum. Stjórnarformaður ákveður hvort ritari stjórnar sé kjörinn úr hópi stjórnarmanna eða ritun fundargerðar sé falin starfsmanni félagsins. Sé fundargerð ekki undirrituð í lok fundar skulu drög að fundargerð send stjórnarmönnum strax eftir fundinn og skal fundargerðin rædd og undirrituð á næsta fundi. Stjórnarmaður eða forstjóri sem ekki er samþykkur ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá skoðun sína skráða í fundargerðabókina. Þeir stjórnarmenn sem ekki sátu fundinn skulu staðfesta með undirritun sinni að þeim hafi verið kynnt fundargerðin. Fundargerðir sem undirritaðar hafa verið teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.
- 6.2 Fundargerðabók skal varðveitt á starfsstöð félagsins og skal hún vera aðgengileg fyrir stjórnarmenn, forstjóra, endurskoðanda félagsins og aðra þá er stjórnin veitir rétt til aðgangs. Heimilt skal að veita þessum aðilum aðgang að fundargerðum félagsins með rafrænum hætti.

7. gr.

Ársreikningur

- 7.1 Stjórnin sér um að gerður sé ársreikningur félagsins í samræmi við góða reikningsskilavenju og ákvæði laga um ársreikninga, bæði að því er varðar mat á einstökum eignaliðum, sundurliðun ársreikningsins og uppsetningu sem og að liðir séu rétt nefndir í samræmi við lög. Ársreikningur og ársskýrsla og eftir atvikum samstæðureikningsskil skulu undirrituð af stjórn og forstjóra.
- 7.2 Telji stjórnarmaður eða forstjóri að ekki eigi að samþykkja ársreikninginn, eða hann hafi eitthvað við hann að athuga, sem hann vill að aðalfundur fái vitneskju um, skal það koma fram í áritun á ársreikninginn, og gerð grein fyrir athugasemdum hans í ársskýrslu.
- 7.3 Sérhverjum stjórnarmanni eða forstjóra, sem er í vafa um einhvern lið í efnahags- eða rekstrarreikningi ársreiknings, er skylt að leita eftir að fá vafaatriðið upplýst í síðasta lagi á þeim fundi, sem stjórnin og forstjóri fer í gegnum ársreikningsdrögin.
- 7.4 Óski einhver stjórnarmanna þess skal endurskoðandi félagsins taka þátt í stjórnarfundum þar sem ársreikningar félagsins eru til meðferðar.
- 7.5 Einstakir liðir ársreiknings skulu bornir saman við samsvarandi liði ársins á undan og mismunur nánar skýrður.

7.6 Stjórn félagsins gerir tillögu til aðalfundar um arðgreiðslur félagsins.

8. gr.

Endurskoðun

- 8.1 Stjórnin og forstjóri skulu veita endurskoðanda félagsins allar þær upplýsingar, sem þýðingu hafa til að hann geti gefið álit sitt á félaginu og reikningsskilum þess. Skal endurskoðanda veittur möguleiki til að gera allar þær athuganir sem hann telur nauðsynlegar í þessu skyni og fá allar þær upplýsingar og aðstoð sem hann kann á að halda til að framkvæma starf sitt.
- 8.2 Skýrslur endurskoðanda félagsins og innri endurskoðunar um félagið skulu vera stjórn félagsins aðgengilegar.

9.gr.

Hluthafafundir

- 9.1 Stjórnin eða stjórnarformaður boðar til aðalfunda eða forstjóri að fengnu sérstöku umboði stjórnar.
- 9.2 Aukafundir skulu haldnir þegar stjórnin telur ástæðu til, eða ef hluthafar setja fram kröfu um það með þeim hætti og að uppfylltum þeim skilyrðum sem lög ákveða.

10. gr.

Hlutaskrá

- 10.1 Stjórnin skal sjá til þess að haldin sé hlutaskrá, þar sem skráð er hlutfjáreign hvers hluthafa í félaginu. Í skránni skulu koma fram breytingar á hlutfjáreign og hvenær þær hafa orðið. Heimilt skal að nota lausablöð eða tölvuskráningu í stað hlutaskrár. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutakrá í félaginu.

11. gr.

Undirnefndir stjórnar

- 11.1 Eigi síðar en mánuði eftir aðalfund skal stjórnin skipa tvær undirnefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.
- 11.2 Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur mönnum hið minnsta. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda félagsins. Meiri hluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með

vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustjórnun, endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, annast mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum hans en endurskoðunarstörfum fyrir félagið og leggja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðanda, án viðveru daglegra stjórnenda.

- 11.3 Starfskjaranefnd skal skipuð þremur mönnum hið minnsta. Meiri hluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Starfskjaranefnd skal leggja fram tillögu til stjórnar að starfskjarastefnu félagsins þar sem koma skulu fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur félagsins og varðandi starfskjör stjórnarmanna. Jafnframt skal þar koma fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum. Starfskjaranefnd er heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórnin samþykkir starfskjarastefnu félagsins að fenginni tillögu starfskjaranefndar og birtir í tengslum við aðalfund félagsins á vefsíðu þess. Starfskjarastefnan skal borin upp til samþykktar á aðalfundi félagsins ár hvert, með eða án breytinga.
- 11.4 Undirnefndir stjórnar starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar. Undirnefndir stjórnar skulu setja sér starfsreglur sem stjórnin skal samþykkja.
- 11.5 Undirnefndir stjórnar skulu tryggja að stjórnin fái reglulega greinargóðar upplýsingar um störf þeirra. Þær skulu að minnsta kosti einu sinni á ári veita stjórn félagsins skýrslu um störf sín. Stjórnin getur hvenær sem er kallað eftir upplýsingum frá undirnefndum, telji hún tilefni til.
- 11.6 Stjórn félagsins ákvarðar um starfskjör nefndarmanna í undirnefndum stjórnar og kemur á viðeigandi skipulagi undirnefnda.

12. gr.

Árlegt árangursmat

- 12.1 Stjórn félagsins skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda stjórnar. Stjórnin skal yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Við árangursmat skal stjórnin leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum. Við matið skal meðal annars skoða hvort stjórnin hafi starfað í samræmi við starfsreglur sínar og hvort mikilvæg málefni félagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórn. Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar.

- 12.2 Stjórnin skal árlega leggja mat á störf forstjóra og rekstur félagsins í heild. Stjórnarformaður skal upplýsa forstjóra um niðurstöðu mats á frammistöðu hans og leggja á ráðin með honum um hvernig megi bæta úr veikleikum og/eða nýta frekar styrkleika.

13. gr.

Stjórnarháttayfirlýsing

- 13.1 Stjórn félagsins skal sjá til þess að í ársreikningi félagsins sé árlega í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar birt yfirlýsing um stjórnarhætti félagsins fyrir liðið starfsár sem sé í samræmi við ákvæði 66. gr. c í lögum um ársreikninga og gr. 6.1 í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nadaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnin skal einnig sjá til þess að í yfirliti með skýrslu stjórnar fylgi ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins, sbr. ákvæði 66. gr. d í lögum um ársreikninga og gr. 6.2 í fyrrgreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

14. gr.

Þagnarskylda, bóta- og refsíabyrgð

- 14.1 Stjórnarmenn skulu gæta þagnarmælsku í hvívetna um málefni félagsins og hvaðeina telst til viðkvæmra upplýsinga eða viðskiptaleyndarmála, viðskiptahugmynda eða annars slíks svo fremi það fari ekki í bága við ákvæði laga, sem og um önnur atriði sem stjórnarmenn fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 14.2 Stjórnarmenn skulu tryggja öryggi gagna á hvaða formi sem þau eru, sem eru í þeirra vörslum og tengjast stjórnarstörfum þeirra, og gæta þess að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- 14.3 Stjórnarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu né í þágu annarra aðila utan félagsins vitneskju eða hugmyndir sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir félagið. Gildir það bæði um upplýsingar sem unnar hafa verið af hálfu félagsins sjálfs og hvers konar utanaðkomandi upplýsingar.
- 14.4 Stjórnarmenn bera bótaábyrgð samkvæmt XV. kafla laga um hlutafélög svo og refsíabyrgð skv. XVIII. kafla sömu laga.
- 14.5 Þegar stjórnarmaður hættir störfum skal hann sjá um að gögn, sem hann hefur móttakið í sambandi við stjórnarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Skal hann skila aftur gögnum þessum til félagsins.

15. gr.

Tenging við aðrar reglur

- 15.1 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar gilda að öðru leyti lög um hlutafélög, lög um ársreikninga og eftir atvikum önnur almenn lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli auk samþykka félagsins og aðrar reglur sem stjórn félagsins hefur sett sér.

16. gr.

Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 16.1 Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Starfsreglur þessar skal endurskoða árlega.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum í Bláa Lóninu hf. hinn 7. mars 2022 .